

## Minnisblað um Umhverfis-, skipulags- og byggingarmál

Starfshópur í verkefninu „Húnavetningur“, sem fjallaði um málefni tengd umhverfis- og skipulagsmálum, var skipaður 11 fulltrúum frá þeim fjórum sveitarfélögum sem eru hluti af Húnavetningi. Í verklýsingu hópsins kemur eftirfarandi fram:

Markmið með vinnu starfshópa er að fá fram upplýsingar um stöðu og sjónarmið fyrir mótun framtíðarsýnar, og stuðla að auknum samskiptum milli aðila. Niðurstöður vinnunnar verða m.a. nýttar til undirbúnings íbúafunda.

Markmið starfshópanna er að vera Samstarfsnefnd til ráðgjafar og veita upplýsingar fyrir mat á stöðu málaflöksins og mögulega sýn til framtíðar í sameinuðu sveitarfélagi. Starfshópnum er einnig ætlað að greina styrkleika og veikleika í viðkomandi málaflökki og þær ógnanir og tækifæri sem felast í mögulegri sameiningu.

Starfshópurinn hittist á fimm fundum. Vinnu hópsins lauk með gerð minnisblaðs sem hér liggur fyrir.

Í starfshópnum störfuðu eftirfarandi aðilar:

Anna Margrét Sigurðardóttir	Blönduósbæ	Linda Björk Ævarsdóttir	Skagabyggð
Zophonías Ari Lárusson	Blönduósbæ	Magnús Jóhann Björnsson	Skagabyggð
Porgils Magnússon	Blönduósbæ	Adolf Hjörvar Berndsen	Skagaströnd
Óli Valur Guðmundsson	Húnavatnshreppi	Magnús Björn Jónsson	Skagaströnd
Ingibjörg Sigurðardóttir	Húnavatnshreppi	Vilhelm Harðarson	Skagaströnd

## Umhverfismál

Í sveitarfélögum eru ekki sérstakar umhverfisnefndir en umhverfismál að einhverju leyti fólgin í verkefnum skipulagsnefnda.

Á Blönduósi er „Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd“.

Á Skagaströnd fer „Hafnar- og skipulagsnefnd“ með hlutverk umhverfisnefndar.

Í Húnavatnshreppi og Skagabyggð fara Skipulags- og bygginganefndir með hlutverk umhverfisnefnda.

Starfshópurinn leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi verði sérstök umhverfisnefnd með skilgreind hlutverk á sviði umhverfismála þar sem m.a. verði fjallað um úrgangsmál, fráveitu og loftslagsmál.

## Sorphirða

Í öllum sveitarfélögum eru samningar við verktaka um sorphirðu og sorp flokkað en ekki er samræmi milli sveitarfélaganna hvernig flokkunin er útfærð eða hvernig sorphirðu er háttað. Hvergi er lífrænt sorp flokkað. Þrjú af fjórum sveitarfélögum reka gámasvæði og þarf að samræma opnunartíma og rekstur þeirra. Starfshópurinn telur það mikinn kost að hafa urðunarstað í miðju sveitarfélaginu, þannig verður sorpförgun hagkvæmari.

Starfshópurinn leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi í A-Hún verði stuðst við meginstefnu hringrásarhagkerfis í úrgangsmálum. Að litið verði á allt efni sem auðlindir sem nauðsynlegt sé að nýta sem best. Í samræmi við það verði litið á úrgangsmál sem málaflökk sem væri að þróast frá því að snúast um lausnir á úrgangsvanda yfir í umræðu um bættu auðlindanýtingu í anda hringrásarhagkerfisins.

Sjá nánar í fylgiskjölum

## Fráveitumál

Einfalt fráveitukerfi er í þéttbýli bæði á Blönduósi og Skagaströnd. (Einfalt þýðir að götubrunnar og skolplagnir eru samtengd). Hreinsistöð er á Blönduósi en ekki búið að tengja allt þéttbýlið við hana. Ekki er hreinsistöð á Skagaströnd. Til eru áætlanir í fráveitumálum bæði á Skagaströnd og Blönduósbæ en þær þarfnast endurskoðunar. Á flestum bæjum í dreifbýli eru komnar rotþrær sem sveitarfélögin hafa látið setja og mikilvægt að þær verði við alla bæi. Rotþrær eru tæmdar reglulega á 2-3 ára fresti.

Starfshópurinn leggur til að í sameinuðu sveitafélagi verði gerð heildstæða úttekt á fráveitumálum og áætlun um tæknilegar lausnir og kostnað við framkvæmdir.

## Loflagsmál

Í samfélaginu er almenn vakning og auknar kröfur í loftlagsmálum og er nauðsynlegt að hafa þær til hliðsjónar við framtíðarskipulagningu sveitarfélagsins.

Starfshópurinn leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi verði gerðar áætlanir um loftlagsmál sem falla að þeim kröfum og markmiðum sem stjórnvöld hafa sett sér. Athygli er vakin á að það markmið hefur verið sett að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Ætlunin er að ná kolefnishlutleysinu með varanlegum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en einnig með breyttri landnotkun í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla og með hliðsjón af vistkerfisnálgun og skipulagssjónarmiðum.

Sjá nánar í fylgiskjölum.

## Skipulags- og byggingarmál

Tveir skipulags- og byggingarfulltrúar eru í sveitarfélögunum og við sameiningu verður hægt að hafa einn eða skipta embættinu og hafa annarsvegar skipulagsfulltrúa og hinsvegar byggingarfulltrúa. Gera má ráð fyrir aukinni fagmennsku og öflugri þjónustu á sviði skipulags- og byggingarmála í stærra sveitarfélagi.

Fjögur aðalskipulög eru í gildi í sveitarfélögunum. Aðalskipulag Húnavatnshrepps og Skagastrandar gilda til ársins 2022 en til 2030 í Blönduósbæ og Skagabyggð. Landmótun er ráðgjafi Skagastrandar, Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar en Benedikt Björnsson er ráðgjafi Skagabyggðar.

Starfshópurinn telur óhjákvæmilegt að í sameinuðu sveitarfélagi verði gert nýtt aðalskipulag. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög byggja á landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags og taka mið af henni við gerð skipulagsáætlana. Landsskipulagsstefnan er nokkuð ítarleg og fjallar um allt frá hinum stóru heimsmarkmiðum niður í útfærslur á gerð húsa. Það er því ljóst að kröfur um innihald og efnistöð aðalskipulaga hafa aukist mikið frá því að gildandi skipulög voru gerð. Vegna þessara auknu krafna mun kostnaður við gerð þeirra aukast umtalsvert. Það má hins vegar reikna með að kostnaður við gerð eins aðalskipulags fyrir allt svæðið verði helmingi minni en af þeim fjórum sem annars þarf að gera þegar þar að kemur.

Í sveitarfélögunum er nokkuð gott framboð af íbúðar- og atvinnulóðum. Á Hafursstöðum er skipulögð stór iðnaðarlóð.

Sjá nánar í fylgiskjölum.

## Samgöngur

Almenningssamgöngur í sveitarfélögunum í dag felast í skólaakstri í þremur sveitarfélögum auk þess liggur leið 57 (Reykjavík – Akureyri) í gegnum héraðið og leið 84 milli Skagastrandar og Blönduós.

Starfshópurinn leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi verði skoðað skipulag skólaaksturs og möguleika á frekari nýtingu þeirrar starfsemi í þeim tilgangi að koma á almenningssamgöngum. Í öflugum almenningssamgöngum felst félagsleg styrking og bætt umhverfissjónarmið auk þess að jafna stöðu íbúanna og styrkja byggð í héraðinu. (Mikilvægt er að þróun almenningssamgangna verði unnin í samstarfi við SSNV)

Vegakerfið: Í héraðinu eru rúmlega 560 km af þjóðvegum, til þjóðvega teljast stofnvegir, tengivegir, héraðsvegir og landsvegir, að auki eru gatnakerfi á Blönduósi og Skagaströnd. Starfshópurinn leggur til að eitt af verkefnum sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags verði að skilgreina helstu þarfir í vegamálum í héraðinu, forgangsraða áherslatriðum og berjast fyrir þeim úrbótum sem mest er þörf fyrir hverju sinni. Einnig er þörf á að samræma reglur og útfærslur varðandi snjómokstur og aðra þjónustu við götur og vegi.

Flugvellir: Í héraðinu eru þrjú flugvellir, á Blönduósi, á Auðkúluheiði og við Hveravelli. Starfshópurinn leggur til að eitt af áherslumálum sveitarfélagsins verði að beita sér fyrir að sett verði bundið slitlag á flugvöllinn á Blönduósi og hann verði í því ásigkomulagi og búinn þeim tækjum og búnaði sem þarf til að hann nýtist sem sjúkraflugvöllur allt árið.

Hafnir: Skagastrandarhöfn er meðalstór fiskihöfn þar sem hafa verið 1900 - 2000 landanir undanfarin ár. Minni starfsemi hefur verið við Blönduóshöfn sem er skilgreind sem smábátahöfn. Hafnirnar eru hluti af innviðarekstri sem á að vera þekktur og viðráðanlegur. Báðar hafnir eru skuldlausar. Talsverð þörf er á viðhaldi hafnarmannvirkja í Skagastrandarhöfn og samkvæmt samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir 325 milljónum í framkvæmdir við höfnina á áætlunartímanum. Hluttur sveitarfélagsins í þeim framkvæmdum er 25%. Í sömu áætlun er gert ráð fyrir 67,8 milljónum í sjóvarnir á þremur stöðum í sameinuðu sveitarfélagi. Hluttur sveitarfélagsins í þeim framkvæmdum er 12,5%.

Sjá nánar í fylgiskjölum

## Fjarskiptamál

Ljósleiðartengingu hefur verið komið á í öllu dreifbýli og á Skagaströnd en ljósleiðari er ekki í þéttbýlinu í Blönduósbæ. Brýn nauðsyn er að ljúka ljósleiðaravæðingu sem allra fyrst. Gsm sambandi er víða ábótavant á svæðinu.

Starfshópurinn leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi verði lögð áhersla á að ljúka ljósleiðaravæðingu til allra heimila og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Sömuleiðis verði áhersla á að tryggja eins öruggt gsm samband og kostur er sveitarfélaginu.

## Framtíðarsýn

Starfshópurinn gerir eftirfarandi tillögu að framtíðarsýn í umhverfismálum:

Sameinað sveitarfélag í A-Hún setji sér þá stefnu í umhverfismálum að verða umhverfisvænsta sveitarfélag/samfélag á Íslandi.

Í því felst m.a. að leitað verði umhverfisvænstu lausna sem mögulegt er á öllum sviðum mannlífs og atvinnulífs. Sett verði mjög metnaðarfull umhverfisstefna sem taki á því hvernig er hægt að nálgast



bestu og jákvæðustu niðurstöður í umhverfismálum. Almennur, fyrirtæki og landbúnaður verði rýndur til þess að verða umhverfisvænni. Þetta gæti orðið ákveðinn sölupunktur fyrir fyrirtæki og landbúnað í sveitarfélaginu og líkur á að stuðningur frá hinu opinbera fái til verkefna á þessum forsendum.

## Samantekt

Við vinnslu þessa minnisblaðs hefur starfshópnum orðið ljóst að sameinað sveitarfélag yrði sterkara í umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum. Hagkvæmara er að vinna að málaflokknum sem eitt stærra sveitarfélag en fjögur minni. Skipulagsmál verða einfaldari í framkvæmd á svæðinu í heild og sífellt flóknari og dýrari lausnir verða viðráðanlegri í stærra samfélagi. Heildstæðari sýn á sameiginlega hagsmuni héraðsins er sömuleiðis líklegri til að styrkja búsetu og stuðla að hagkvæmari lausnum á samfélagslegum verkefnum.